um frumvarp til laga um meðferð skóga og kjarrs og friðun á lyngi o. fl.

Frá landbúnaðarnefnd.

Aðalbreytingin, sem þetta frumvarp gerir á gildandi löggjöf um þetta efni, er sú, að feld er niður heimildin um það, að landsstjórnin megi taka skóga og kjarrsvæði á jörðum einstakra manna til friðunar. — Hinsvegar er það aðalnýmælið í frumvarpinu, að atvinnumálaráðherra er heimilt að veita eigendum og notendum jarða styrk til að afgirða skóglendi á jörðum sínum, svo og til að girða landspildur fyrir nýjan skógargróður.

Eftir að nefndin hefir athugað málið og rætt það bæði við skógræktarstjóra og Einar Helgason garðyrkjumann, vill hún mæla með því, að frv. verði samþykt með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 2. gr.

Greinin orðist svo:

Í skógum þeim, er í afrjettum liggja eða fjarri búfjárhögum, er öll vetrarbeit bönnuð á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní. Ákveður atvinnumálaráðherra, í samráði við skógræktarstjóra, hverjir skógar falli undir ákvæði þetta.

Að öðru leyti setur atvinnumálaráðherra nánari reglur um notkun og meðferð á skógum og kjarri, eftir tillögum skógræktarstjóra, og skal reglum þessum útbýtt meðal almennings í þeim sveitum, þar sem skógar eru eða kjarr.

2. Við 6. gr.

Fyrri málsgrein orðist svo:

Atvinnumálaráðherra er heimilt, að fengnum tillögum skógræktarstjóra, að veita eigendum og notendum jarða eða jarðarskika tillag úr ríkissjóði til að girða bæði skóglendi og skóglaust land, til þess að koma þar upp skógargróðri, með þeim skilyrðum, er hjer segir:

3. Við 9. gr. Í stað orðanna: »1. og 7. gr.« komi: 1., 2. og 7. gr.

Alþingi, 25. janúar 1928.

Einar Árnason, form. og framsm. — Jón Baldvinsson, fundaskrifari,
Jónas Kristjánsson.